

44. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 12. apríl og hófst hann kl. 09:00.**Fundinn sátu:**

Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir, Egill Sigurðsson og Elín Grétarsdóttir. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Dagskrá

1. Ársreikningur Ásahrepps 2016, fyrri umræða.
2. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2016.
3. Skýrsla KPMG til sveitarstjóra, stjórnarsýsluskoðun.
4. Fundargerðir
5. Erindi til hreppsnefndar
6. Ungmennaráð
7. Móttökusamningur á seyru
8. Næsti fundur hreppsnefndar

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og leitaði afbrigða að bæta við undirliðnum j) 24. fundur stjórnar Félags- og skólabjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 10. apríl sl. við lið 4. Fundargerðir, undirliðnum h) Erindi frá Jóhönnu Björk Hilmarsdóttur, Erni Inga Ingvarssyni, Kristjönu Ragnarsdóttur, Guðlaugu Skúladóttur, Vilbergi Skúlasyni, Trausta Þór Sigurðarsyni, Fanney Björg Karlsdóttur, Grétari H Guðmundssyni, Kristínu Hreinsdóttur, Guðmundi Hreinni Grétarssyni, Árna Kristinssyni, Ísleifi Jónassyni, Ingileifi Guðjónsdóttur, Guðjóni Björnssyni og Helgu Björg Helgadóttur vegna fyrirhugaðri sölu húsanna á Þóristungum og undirliðnum i) Erindi frá Tyrfini Sveinssyni vegna fyrirhugaða sölu á Þóristungum við dagskrárliðinn 5. Erindi til hreppsnefndar. Samþykkt.

Gengið til dagskrár:**1. Ársreikningur Ásahrepps 2016, fyrri umræða**

Ársreikningur Ásahrepps fyrir árið 2016 lagður fram til fyrri umræðu. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG mætti á fundinn og kynnti helstu lykiltölur og svaraði fyrirspurnum. Ársreikningi vísað til annarrar umræðu þann 10. maí nk.

2. Endurskoðunarskýrsla KPMG 2016

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi hjá KPMG, kynnti endurskoðunarskýrslu frá KPMG fyrir árið 2016.

3. Skýrsla KPMG til sveitarstjóra, stjórnarsýsluskoðun

Auðunn Guðjónsson endurskoðandi frá KPMG, kynnti skýrslu til sveitarstjóra vegna stjórnarsýsluskoðunar frá KPMG fyrir árið 2016. Auðunn vék af fundi.

4. Fundargerðir

- a) **129. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 9. mars sl. liður 21 – 25 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 21. 1703020 - Hrauneyjafossvirkjun Inr. 165332: Afmörkun lóðar fyrir stöðvarhús, geymslu og skúr.

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir stofnun lóðar utan um stöðvarhús Hrauneyjarfossvirkjunar í samræmi við meðfylgjandi uppdrátt. Er lóðin 20.174,4 fm að stærð og er afmörkuð utan um stöðvarhús, tækjageymslu, bensínskúr og nánasta umhverfi. Samkvæmt þjóðskrá er til lóð utan um virkjunina með lnr. 165332 en sú lóð er ekki til þinglýst og þarf því að stofna nýja lóð úr þjóðlendunni.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að áður en farið verður að stofna lóðir sem ná eingöngu utan um stöðvarhús virkjunar þurfi að skoða, í samráði við þjóðskrá og forsætisráðuneytið, hvort að ekki þurfi að afmarka lóðir utan um önnur athafnasvæði virkjunar.

Niðurstaða skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ), KÖ situr hjá.

Liður 22. 1703021 - Vatnsfellsvirkjun lnr. 193783: Afmörkun lóðar fyrir stöðvarhús og tengivirki

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð utan um stöðvarhús Vatnsfellsvirkjunar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er afmörkuð 6.895,1 fm lóð utan um stöðvarhús. Samkvæmt þjóðskrá er til 45 ha lóð utan um virkjunina með lnr. 193783 en sú lóð er ekki til þinglýst og þarf því að stofna nýja lóð úr þjóðlendunni.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að áður en farið verður að stofna lóðir sem ná eingöngu utan um stöðvarhús virkjunar þurfi að skoða, í samráði við þjóðskrá og forsætisráðuneytið, hvort að ekki þurfi að afmarka lóðir utan um önnur athafnasvæði virkjunar.

Niðurstaða skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ), KÖ situr hjá.

Liður 23. 1703022 - Sigölduvirkjun lnr. 165348: Afmörkun lóðar fyrir stöðvarhús og skúr

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð utan um stöðvarhús Sigölduvirkjunar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er afmörkuð 9.086,7 fm lóð utan um stöðvarhús og skúr. Samkvæmt þjóðskrá er til lóð utan um virkjunina með lnr. 165348 en sú lóð er ekki til þinglýst og þarf því að stofna nýja lóð úr þjóðlendunni.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að áður en farið verður að stofna lóðir sem ná eingöngu utan um stöðvarhús virkjunar þurfi að skoða, í samráði við þjóðskrá og forsætisráðuneytið, hvort að ekki þurfi að afmarka lóðir utan um önnur athafnasvæði virkjunar.

Niðurstaða skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ), KÖ situr hjá.

Liður 24. 1703023 - Holtamannafréttur lnr. 221893: Tengivirki Vatnsfellsvirkjunar: Stofnun lóðar

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð utan um tengivirki Vatnsfellsvirkjunar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er afmörkuð 3.866,4 fm lóð utan um tengivirkið. Samkvæmt þjóðskrá er til 45 ha lóð utan um virkjunina og tengivirkið með lnr. 193783 en sú lóð er ekki til þinglýst og þarf því að stofna nýja lóð úr þjóðlendunni.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að áður en farið verður að stofna lóðir sem ná eingöngu utan um stöðvarhús virkjunar þurfi að skoða, í samráði við þjóðskrá og forsætisráðuneytið, hvort að ekki þurfi að afmarka lóðir utan um önnur athafnasvæði virkjunar.

Niðurstaða skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ), KÖ situr hjá.

Liður 25. 1703024 - Holtamannafréttur lnr. 221893: Tengivirki Sigölduvirkjunar: Stofnun lóðar

Lögð fram umsókn Landsvirkjunar dags. 2. mars 2017 þar sem óskað er eftir að stofnuð verði lóð utan um tengivirki Sigölduvirkjunar. Samkvæmt meðfylgjandi lóðablaði er afmörkuð 12.160,2 fm lóð utan um tengivirkið.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd telur að áður en farið verður að stofna lóðir sem ná eingöngu utan um stöðvarhús virkjunar þurfi að skoða, í samráði við þjóðskrá og forsætisráðuneytið, hvort að ekki þurfi að afmarka lóðir utan um önnur athafnasvæði virkjunar.

Niðurstaða skipulagsnefndar samþykkt með 4 atkvæðum (ES, EG, BJJ og NJ), KÖ situr hjá.

- b) **185. fundur stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs., haldinn 15. mars sl. liður 3 þarfnast umfjöllunar.**

Liður 3.

Undirbúningur lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Óskað eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna fyrir lántökunni.

Samkvæmt viðauka I, Lánasjóður sveitarfélaga:

Sveitarstjórn Ásahrepps samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundi að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 70.000.000,- í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna frágang og stækkun við sorpstöð sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Nönnu Jónsdóttur kt. 040680-3069 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h.

Ásahrepps að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Samþykkt.

c) 3. fundur í Öldungaráði Rangárvallasýslu, haldinn 9. mars sl. liður 1 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1.

Jónas bað Heimi að kynna samþykktir fyrir öldungaráð Rangárvallasýslu, Heimir fór yfir samþykktirnar þær voru ræddar og samþykktar. Ákveðið að senda þær til sveitarstjórnar til yfirlestrar og samþykktar.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samþykktir fyrir sitt leyti.

d) 130. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 23. mars sl. liður 23 þarfnast umfjöllunar.

Liður 23. 1702041 - Útleiga á íbúðar- og sumarhúsum: Starfsreglur

Lögð fram tillaga að starfsreglum varðandi veitingu umsagna um rekstrarleyfi fyrir gistingu í sumar- og íbúðarhúsum á starfssvæði embættisins.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd leggur til að sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins samþykki fyrirbyggjandi tillögu að starfsreglum.

Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að starfsreglum fyrir sitt leyti.

e) 42. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs., haldinn 27. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

f) 15. fundur stjórnar Húsakynna bs. haldinn 30. mars sl., liður 2.1 þarfnast umfjöllunar

Liður 2. 2. 1601012 - Eignir í umsjá Húsakynna bs.
2.1 Sala á húsum í Þóristungum

Lagt fram yfirlit frá Fannberg fasteignasölu varðandi tilboð í húseignir í Þóristungum. Hæsta tilboð í húsin var 13.000.000.- kr og leggur stjórn Húsakynna til við sveitarstjórnir Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu að taka tilboði hæstbjóðanda. Skilyrt verði í kaupsamningi og þinglýst sú kvöð að fjallmenn hafi skilyrðislausan gjaldfrjálsan aðgang að húsunum í leitum hvert ár.

Samþykkt með 2 atkv. (IPG, YKJ), einn var á móti (KÖ).

Afgreiðslu frestað. Hreppsnefnd vísar liðunum til umsagnar í fjallskiladeild Holtamannaafrettar og Veiðifélags Holtamannaafrettar.

Fundargerðin lögð fram til kynningar að öðru leyti. Sveitarstjóra falið að kanna málið í samræmi við umræður undir lið 1. 1703054 - Ársreikningur 2017 - Húsakynni bs.

g) 13. fundur Odda bs., haldinn 30. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

h) 131. fundur skipulagsnefndar Uppsveita bs., haldinn 6. apríl sl. liður 1 og 2 þarfnast umfjöllunar.

Liður 1. 1703093 - Holtamannafréttur lnr. 221893: Þóristungur: Stofnun lóðar

Lögð fram umsókn Ásahrepps dags. 30. mars 2017 um stofnun 5.216,7 fm lóðar utan um svefnskála (140 fm) og hesthús (71 fm) sem í dag eru skráð á lóð með lnr. 165350. Þar sem núverandi lóð er ekki til þinglýst þarf að stofna nýja lóð úr þjóðlendunni Holtamannafréttur og er gert ráð fyrir að lóðin fá heitið Þóristungur.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar og felur skipulagsfulltrúa að leita samþykkis Forsætisráðuneytisins.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemd við bókun skipulagsnefndar.

Liður 2. 1703042 - Sumarliðabær lnr. 179240: Nýr byggingarreitur: Fyrirspurn

Lögð fram fyrirspurn Margrétar Hugasonar dags. 7. mars 2017 um hvort að veitt verði leyfi fyrir byggingu frístundahúss sem getur verið um 40 fm auk svefnlofts á jörðinni Sumarliðabær lnr. 179240. Einnig er óskað eftir leyfi fyrir hugsanlegu gestahúsi í framtíðinni. Landið er í heild skráð 14,9 ha og er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

Niðurstaða skipulagsnefndar:

Að mati skipulagsnefndar er forsenda uppbyggingar að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið.

Hreppsnefnd staðfestir bókun skipulagsnefndar.

i) 42. fundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs., haldinn 6. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

j) 24. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. haldinn 10. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

Undir dagskrárlið 1 kemur meðal annars fram að ekki hefur tekist að ráða í stöðu talmeinafræðings.

Hreppsnefnd leggur til að í samstarfi við félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu bs. að kannað verði hvort að grundvöllur sé fyrir því að hreppurinn geri verktakasamning við sjálfstætt starfandi talmeinafræðing til að sinna talþjálfun barna upp að 18 ára aldri sem eiga lögheimili og hafa fasta búsetu í hreppnum.

Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt.

5. Erindi til hreppsnefndar

a) Beiðni frá formanni félags lesblindra á Íslandi um styrk vegna ráðstefnu í maí 2017 um Lesblindu, kvíða, óöryggi og vanlíðan. Ráðstefnan verður sérstaklega ætluð kennurum, námsráðgjöfum, íþróttþjálfurum og foreldrum og verður aðgangur frír.

hreppsnefnd samþykkir að veita styrk fyrir kr. 25.000, bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

b) beiðni frá Alþýðusambandi Íslands um stuðningskveðju í tímaritið Vinnan.

Hafnað.

c) Beiðni um styrk frá Krafti - Lífið er núna. Kraftur styður við bakið á ungu fólki sem greinst hefur með krabbamein.

Samþykkt að veita styrk fyrir 10.000 kr. Bókast á lið 02-80 ýmsir styrkir.

d) Erindi frá Birgi Skaptasyni vegna ónýtrar rotþróar í Hellatúni 2. Ásahreppur hefur ekki áður skaffað rotþró í Hellatúni 2 og skólpmál ekki verið í viðunandi ástandi þar um áratuga bil. Því er farið fram á að hreppurinn útvegi og annist niðursetningu á rotþró.

Hreppsnefnd samþykkir að endurgreiða 3600 lítra rotþró gegn framvísun reiknings, bókast sem fjárfesting í fráveitu. Hreppsnefnd hafnar því að sjá um niðursetningu á rotþrónni.

e) Erindi til Odda bs., Rangárþings ytra og Ásahrepps frá foreldrum sem eiga börn á biðlista eftir leikskólalássi á Laugalandi. Foreldrar barna sem eru á biðlista eftir leikskólalássi á Laugalandi lýsa yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin í málefnum leikskólanna. Foreldrarnir krefjast þess að sveitarfélögin bregðist tafarlaust við þessu

ástandi og tryggi að öllum börnum sem bíða eftir leikskólaplássi verði boðið leikskólapláss strax í haust.

Erindið hefur verið tekið fyrir í Odda bs. Verið er að kanna möguleika til endurröðunar innanhúss á Laugalandi með það að markmiði að opna nýja leikskóladeild. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að fylgja málinu eftir.

f) Erindi frá formanni Ungmennafélags Ásahrepps um að það verði veittur styrkur á mótí fasteignagjöldum fyrir árið 2017.

Hreppsnefnd samþykkir að veita styrk á mótí fasteignagjöldum að upphæð 73.653 kr., bókast á deild 06-89 – Íþróttafélög.

g) Fyrirspurn frá NJ og Ágústi Sigurðssyni, sveitarstjóra Rangárþings ytra. Í ljósi þess skorts sem er áhagkvæmu leiguhúsnæði á svæðinu er þeirri spurningu varpað fram til rekstrarsveitarfélaganna hvort Húsakynni bs. ættu að kanna möguleikann á byggingu 3-4 lítilla raðhúsbúða á Hellu og meta hver áætlaður kostnaður yrði.

Hreppsnefnd hafnar erindinu.

h) Erindi frá Jóhönnu Björk Hilmarsdóttur, Erni Inga Ingvarssyni, Kristjönu Ragnarsdóttur, Guðlaugu Skúladóttur, Vilbergi Skúlasyni, Trausta Þór Sigurðarsyni, Fanney Björg Karlsdóttur, Grétari H Guðmundssyni, Kristínu Hreinsdóttur, Guðmundi Hreinni Grétarssyni, Árna Kristinssyni, Ísleifi Jónassyni, Ingileifi Guðjónsdóttur, Guðjóni Björnssyni og Helgu Björg Helgadóttur vegna fyrirhugaðri sölu húsanna á Þóristungum.

Við undirrituð sem rekum fé á Búðarháls og Þóristungur mótmælum eindregið fyrirhugaðri sölu húsanna á Þóristungum þar sem við höfum rafmagn okkur að kostnaðarlausu frá Landsvirkjun sem afhenti okkur húsin á sínum tíma í bætur vegna virkjananna.

Við teljum afar mikilvægt að hafa öruggt húsnæði og aðstöðu fyrir þá sem reka á fjall og fjallmenn í leitum. Þess utan er ekki ljóst hvers konar starfsemi yrði í húsunum ef þau yrðu seld út úr sveitarfélaginu og gæti það haft ófyrirséðar afleiðingar á upprekstur.

Okkar mat er að það sé ekki tryggt nema húsin verði í eigu Ásahrepps. Óskum við því eftir því að hreppsnefnd Ásahrepps taki sjálfstæða ákvörðun og kaupi hlut Rangárþings-Ytra.

Lagt fram til kynningar og vísað til umræðu í fjallskiladeild Holtamannaafréttar og Veiðifélags Holtamannaafréttar.

i) Erindi frá Tyrfini Sveinssyni vegna fyrirhugaðrar sölu á Þóristungum.

Á hreppsnefndarfundu 14.12, var ég samþykkur því að kanna hvort einhver hefði áhuga á að kaupa eða taka í umsjá húsið á Þóristungum. Það væri einn af valkostum þess að bæta úr ásýnd og umgengni á Þóristungum, en húsið þar er komið í ríka þörf fyrir viðhald.

Síðan þá hefur húsið verið auglýst til sölu, óskað eftir ítrekun á tilboðum þerra sem buðu í og byrjað að ganga frá samningi við einn tilboðsaðila.

Mig langar að koma á framfæri athugasemdum við framvindu málsins.

Mér hefði þótt eðlilegt að eitthvað samráð hefði verið haft við fjallskilanefnd og veiðifélagið, en veit ekki til að það hafi verið gert.

Ég held að það sé ekki farsælt að selja lóðina undir húsinu og þar um kring, því þá höfum við minni möguleika á afnotum eða breytingum á t.d. réttinni og hólfunum umhverfis hana. Einnig held ég að það sé mikilvægt fyrir sveitarfélagið að halda í þennan byggingarreit til lengri tíma lítið.

Væri ekki heppilegt að Ásahreppur keypti húsið af Rangárþingi Ytra og það færi svo í svipaðan farveg og t.d. Versalahúsið, að veiðifélagið tæki húsið að sér, myndi gera það upp og sjá um það. Þá er ekki verið að afsala neinum lóðarétti, sem ég held að sé mikilvægt að halda í á þessum stað.

Lagt fram til kynningar og vísað til umræðu í fjallskiladeild Holtamannaafréttar og Veiðifélags Holtamannaafréttar.

6. Ungmennaráð

Í framhaldi af beiðni SASS um tilnefningu á ungmennum í Ungmennaráð Suðurlands sem tekin var fyrir á 43. fundi hreppsnefndar var sent dreifibréf á ungmenni á aldrinum 14 til 25 ára með lögheimili í Ásahreppi. Í bréfinu kom meðal annars fram að til stæði að stofna ungmennaráð Ásahrepps með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Halla Rún Erlingsdóttir gaf kost á sér. Hreppsnefnd þakkar Höllu Rún Erlingsdóttur fyrir að gefa kost á sér og samþykkir að skipa hana sem fulltrúa Ásahrepps í Ungmennaráð Suðurlands og að vera tengiliður ungmenna Ásahrepps við hreppsnefnd.

7. Móttökusamningur á seyru

Lagður fram samningur milli Hrunamannahrepps sem rekstraraðila sameiginlegs seyrusvæðis sveitarfélaganna í Uppsveitum Árnessýslu og Flóahrepps og hins vegar Ásahrepps um móttökusamning á seyru úr Ásahreppi á seyrusvæði að Flatholti 3 Flúðum. Samningurinn tekur gildi við undirskrift og gildir út árið 2017. Hreppsnefnd samþykkir fyrirbyggjandi samning og felur sveitarstjóra að undirrita hann, kostnaðurinn bókast á fráveitu.

8. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur hreppsnefndar verður miðvikudaginn 10. maí nk. kl. 09:00 á skrifstofu Ásahrepps.

Til kynningar:

- A. Fundargerð 849. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- B. Akstursundanþágur á friðlýstum svæðum á hálendinu – minnisblað.
- C. Vorskraall um Bláskógabyggð - 19. apríl.
- D. Frá nefndasviði Alþingis - 378. mál til umsagnar.
- E. Frá starfsþróunarnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga, BSRB og ASÍ til umsagnar.
- F. Dreifibréf undanþágunefndar grunnskóla fyrir skólaárið 2017 – 2018.
- G. Fundargerð aukaaðalfundar Bergrisans frá 21. mars sl.
- H. Fundargerð 29. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga.
- I. Fréttabréf ASÍ - mars 2017.
- J. fundargerð 848. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- K. Áfangaskýrsla Stefáns Gíslasonar vegna vinnu hans fyrir SOS.
- L. Til umsagnar 307. mál frá nefndasviði Alþingis.
- M. Til umsagnar 306. mál frá nefndasviði Alþingis.
- N. Opið fyrir umsóknir vegna verndarsvæða í byggð.
- O. 254. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands.
- P. Sérstakir styrkir vegna viðburða í Evrópskri ungmennaviku.
- Q. Fundargerð 178 fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- R. Ársskýrsla undanþágunefndar grunnskóla 2015-2016.
- S. Ársskýrsla Landmælinga Íslands 2016.
- T. Til umsagnar 204. mál frá nefndasviði Alþingis.
- U. Til umsagnar 236. mál frá nefndasviði Alþingis.
- V. Frá nefndasviði Alþingis - 207. mál til umsagnar.
- W. Til umsagnar 234. mál frá nefndasviði Alþingis.
- X. Til umsagnar 120. mál frá nefndasviði Alþingis.
- Y. Frá nefndasviði Alþingis - 119. mál til umsagnar.
- Z. Samspil ólíkra áætlana DMP-Landsáætlun-Skipulagsáætlanir sveitarfélaga.
- AA. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf.
- BB. Undirbúningur vegna nýrra persónuverndarreglna.
- CC. boðsbréf á málþing á Flateyri 5.-6. maí, Vestfirski vorið.
- DD. Ný reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa.
- EE. Kennslumínútnafjöldi í list- og verkgreinum í grunnskólum.
- FF. Fréttabréf ASÍ – febrúar.
- GG. Fréttabréf Markaðsstofu Suðurlands febrúar 2017.

Hreppsnefnd

- HH. Landsvirkjun verkefni sem er að hefjast, heildarúttekt og greining á stöðu skipulags- og lóðamála á Þjórsár-/Tungnaárvæði.
- II. Umsókn um framlög til eflingar tónlistarnámi skv. 2. mgr. 1. gr. vegna skólaársins 2017-2018.
- JJ. Beiðni um gögn og upplýsingar vegna þeirrar ákvörðunar að færa vegslóða í eignarlandi inn á kortagrunn, krafa um úrbætur.
- KK. HSK, ársskýrsla 2016.
- LL. Rarik, ársskýrsla 2016.
- MM. Skógrækt í skipulagsáætlun sveitarfélaga.
- NN. Minnisþing frá fundi oddvita og sveitarstjóra í Rangárvallasýslu haldinn í Miðjunni á Hellu þriðjudaginn 28.3.2017.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:17

Elín Grétarsdóttir (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)